

Gátlisti – líftölufrávik

Algengar orsakir líftölufrávika

• Hreinlæti við mjaltir

- Mikilvægt er að halda umhverfi gripanna hreinu. Vatnsslengan er besta vinkona bóndans, sér í lagi virðist skipta gríðarlega miklu máli að biðsvæði í mjaltþjónafjósum sé þrifið oft á dag, sama á við um mjaltþjóninn, minnkar líkur á að óhreinindi sogist inn í kerfið ef mikið er um óþekka gripi sem sparka af sér. Þetta á að sjálfsgöðu við allar fjós- og mjaltakerfagerðir. Gott er að raka kýrnar, þannig að ekki myndast skítakleprar. Einnig er loftræsting í fjósum mikilvæg.

• Þvottur á mjaltakerfum

- Algeng ástæða fyrir hækkandi líftölu er vöntun á sápu/sýru eða bilun í sápuðælum, bæði við tank og mjaltakerfi. Ekki er hægt að treysta alfarið á að kerfi „láti vita“ ef ekki er tekin sápa. Bilun í dælum getur lýst sér þannig að sápa fari úr brúsum, en skili sér svo ekki alla leið í tankinn vegna óþéttleika í slöngum eða annað. Gott er að setja merki/strik á brúsa til að fylgjast með hvort lækki í brúsanum. Ef skipt er um sáputegund er mikilvægt að fara eftir leiðbeiningum varðandi æskilegt magn í þvotti, oft þarf meira magn af ódýrum sápum heldur en þeim dýrari. Lesa leiðbeiningar á brúsum er mikilvægur punktur. Í rörmjaltakerfum og mjaltagryfjum er mikilvægt að hreinsa soglagnir reglulega ásamt því að passa samskeyti og krana. Algengt er að pakkningar við rörasamskeyti valdi hækkandi líftölu, ef pakkningar eru orðnar ósléttar og slitnar verða þær fljótt gróðrarstíga fyrir bakteríur, sérstaklega erum við að sjá dæmi um slíkt í mjaltþjónafjósum þar sem mikið mæðir á. Ekki þarf að fjölyrða um að fylgjast vel með spenahylkjum og spenagúmmíum – mörg dæmi eru um að ný gúmmí springi. Nota skal sýru reglulega.

• Er veik kýr?

- Athugið að ekki þarf endilega að vera sjáanleg jógurbólga til þess að hækkun verði á líftölu vegna veikinda. Annarskonar veikindi geta einnig komi líftölunni af stað, dæmi eru um að spenastig, tannrótarbólga, helti og annað valdi hækkandi líftölu í mjólk. Hvers konar sýking af völdum baktería. Stundum er erfitt að sjá á gripum að eitthvað ami að, en þá er gott að fylgjast með hvort kýrin, er með hita, sé dauf til augnanna og lystarlaus. Klaufhirða skiptir einnig máli. Til fróðleiks má nefna að ef mjólk beint úr spena er gulleit, vatnskennd og fitan ystir, lítur svipað út og þegar við setjum skemmda mjólk út í kaffi, þá er nokkuð öruggt að þar er líftöluhá mjólk á ferðinni, slík mjólk getur hæglega hleypt líftölu í tank í hæstu hæðir.

• Hiti á þvottavatni

- Æskilegt er að vatnið sem notað er við þvott á tank og kerfi er sem heitast, en það er mælt með að hiti á vatni eftir hringrásarþvott (með sápu) sé amk 45 gráður (endahitastig). Gott er að fylgjast reglulega með þessu atriði.

• Síur

- Regluleg síuskipti í mjaltþjónum eru mikilvæg, en skipta á um síu tvisvar á dag í öðrum mjaltakerfum. Einnig á að fylgjast vel með hvernig sían lítur út þegar skipti eiga sér stað, sían getur gefið góða vísbendingu um stöðu mála.

• Kælurof og tankur

- Kælurof er ef gleymst hefur að kveikja á tank eftir losun, eða ef hefur verið rafmagnslaust. Ekki mega líða margir klukkutímar án kælingar til þess að hleypa líftölunni upp úr öllu valdi. Því er gríðarlega mikilvægt að fylgjast vel með hitamælinum á tanknum og hafa strax samband við þjónustuaðila ef eitthvað er að. Kælimiðils-vöntun á tank getur gert það að verkum að sveifla verði í kælingu, það er að tankurinn kæli mjólkina, en nær svo ekki að halda henni alveg kaldri, heldur sveiflast hitastigið – slíkt getur auðveldlega komið líftölunni af stað. Ef grunur er um kælurof skal umsvifalaust hafa samband við gæðaráðgjafa Auðhumlu, eða hella mjólkinni niður

ef ekki hefur verið kæling á mjólkinni í nokkrar klukkustundir, en þetta fer þó eftir aðstæðum hverju sinni og hvort sé forkælir við tankinn eða ekki. Reglulega skal athuga hvort sé mjólkurstein í tank, það getur verið erfitt að sjá mjólkurstein, en slíkar úrfellingar geta komið óreglu á líftöluna.